



Reglur um greiðslu á fatapening

Inngangur

Tilgangur þessara reglna er eftirfarandi:

Að samræma upphæðir og fyrirkomulag milli starfshópa, en í núverandi fyrirkomulagi sveitarfélgasins eru ekki öll með sama fyrirkomulag á greiðslu þrátt fyrir sömu ákvæði kjarasamninga gr. 8.2 – það er nauðsynlegt vegna jafnræðis. Að einfalda ut anumhald við greiðslu fatapeninga og launavinnslu og tryggja að allt starfsfólk fái sannarlega þau réttindi sem samningar eiga að tryggja þeim. Að fara að lögum um hlunnindamat á fatnaði.

1. Skuldbinding

Sveitarfélagið Norðurþing er bundið af kjarasamningum sem Samband íslenskra sveitarfélaga (SÍ) gerir við stéttarfélög fyrir hönd sveitarfélagsins. Norðurþing er ekki skuldbundið af greiðslu fatapeninga umfram ákvæði kjarasamninga.

2. Klæðnaður starfsfólks Norðurþings

Meginstefna Norðurþings er að starfsfólk sinni vinnu þar sem verður viðkomið í borgaralegum fatnaði. Það er mat sveitarfélagsins að starfsfólk sé sjálft best til þess fallið að velja þann fatnað sem er mest viðeigandi og hentar bæði starfsemi og starfsfólkinu.

3. Sérstakur einkennisfatnaður og hlífðarfatnaður

Þar sem störf krefjast sérstakt einkennisfatnaðar leggur Norðurþing starfsfólki til viðeigandi fatnað skv. ákvæðum viðeigandi kjarasamninga. Norðurþing leggur starfsfólki til hlífðar og sýnileikafatnað og persónuhlífar við þau störf sem þarfnast slíks skv. ákvæðum laga og slökkviliðsmenn. Yfirmaður á hverjum stað fyrir sig sér um innkaup á þessum fatnaði eftir þörfum.

4. Útfærsla á greiðslu fatapeninga

Norðurþing hefur það sem megin reglu að þar sem borgaralegs fatnaðar er krafist skal greiða fatapeninga í formi ákveðinnar upphæðar á hverja unna klukkustund sbr. ákvæði kjarasamninga.

Þetta er í anda jafnlaunakerfis Norðurþings og fylgir leiðbeiningum endurskoðenda um skattalega meðferð greiðslu fatapeninga vegna borgaralegs fatnaðar.

Greitt verður mánaðalega út frá unnum klukkustundum eftir skráningu í vinnustund.

Þetta fyrirkomulag mun taka að fullu gildi 1. janúar 2025